

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1304
komudagur 28.2.2007



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2007
Tilvísun: 2007020024
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 21. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, 542. mál, gildissvið laganna, fyrirkomulag rannsókna o.fl. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkustofnunar:

Orkustofnun gerir athugasemd við bráðabirgðaákvæði IV. með frumvarpinu. Stofnunin telur óheppilegt að færa eigi ábyrgð á tillögugerð um nýtingu orkuauðlindarinnar frá iðnaðarráðherra og til forsætisráðherra, eins og gert er ráð fyrir með því að formennska í starfshópi sem vinna skal frumvarp um verndar- og nýtingaráætlun sé í höndum fulltrúa forsætisráðherra. Stofnunin bendir í þessu sambandi á 8. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 3/2004. Eðlilegast er að mati Orkustofnunar að iðnaðarráðherra geri tillögu um nýtingaráætlun, í samráði við hagsmunaaðila eins og gert er ráð fyrir í lögum um umhverfismat áætlana.

Orkustofnun telur að hlutverk forsætisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis eigi að einskorðast við hlutverk ríkisins sem landeigenda. Eðlilegast væri að ráðuneytin ákvörðuðu einvörðungu verð fyrir auðlindanýtingu, sem væri þá lágmarksverð komi til útboða, en framseldu að öðru leyti forræði yfir heimildarveitingu til rannsókna og nýtingar til iðnaðarráðuneytis, eða Orkustofnunar. Er þá gert ráð fyrir að verndar- og nýtingaráætlun liggi fyrir og því óeðlilegt að fyrrgreind ráðuneyti færu í raun að stýra nýtingunni á þessu stigi. Forræði iðnaðarráðuneytisins yrði þar með skýrara og er það í samræmi við fyrrgreinda meginskoðun stofnunarinnar. Slíkt myndi einfalda stjórnsýsluna til muna.

Þá telur stofnunin mikilvægt að tekið verði á hraða nýtingar á auðlindum landsins, þ.e. hversu mikið sé heimilt að taka til nýtingar á ákveðnu tímabili. Í tillögunni er einungis gert ráð fyrir að teknar séu ákvarðanir um svæði en ekkert er tilgreint um forgangs röðun svæða. Stofnunin telur að nauðsynlegt sé að setja reglur um slíkt til þess að hægt sé að stjórna nýtingunni, t.d. með hliðsjón af þjóðhagslegum áhrifum framkvæmda og til að tryggja að nýtingin verði sjálfbær.

Í næstsíðustu mgr. 6. gr. frv. segir að leyfi skuli að öllu jöfnu endurútfærið, standi lög því ekki í vegi. Í skýringum segir fátt annað en að ýmis rök geti hnigið að því að takmarka tímallengd leyfa. Það liggur nokkuð í eðli jarðhita, að ekki er unnt að segja nákvæmlega fyrir um hámark nýtingar fyrr en reynsla er fengin af vinnslu. Tímamörk á nýtingarleyfi eru því öðru fremur

nauðsynlegur varnagli til að geta tryggt það sem samfélagið telur vera sjálfbæra nýtingu. Orkustofnun fær ekki séð hvaða lög gætu staðið því í vegi að vernda hagsmunum komandi kynslóða. Orkustofnun telur því að ný leyfi skuli gefin út vegna sömu svæða ef reynsla sýni að það sé óhætt.

Í 12. gr. frv. segir m.a.: "Í umsókn [um leyfi til rannsóknar og nýtingar á auðlindum í jörðu] skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda..." Þetta skal gert í samræmi við reglugerð. Orkustofnun bendir á að örðugt getur verið að gefa ítarlegar lýsingar á fyrirhuguðum framkvæmdum þegar við upphaf rannsókna. Stofnunin bendir á að í reynd er það svo að þegar um er að ræða rannsóknir sem kalla á framkvæmdir fara þær í sérstakan feril innan eða samhliða því rannsóknarleyfi sem gefið yrði skv. auðlindalögum. Heppilegra kann að vera að fella út orðið "ítarlegum" og fá með því meira svigrúm í reglugerð til að krefjast misitarlegra lýsinga eftir eðli máls hverju sinni.

Í 14. gr. gildandi laga mun hafa slæðst inn villa, sem varð að lögum. Þar segir að landeigandi geti nýtt til búsparfa allt að 70 ltr/sek. Öllum þeim sem til þekkja ber saman um að þetta hljóti að vera villa, hafi átt að vera 10 ltr/sek. Slík mörk eru t.d. meira í samræmi við mörk sem sett eru um eftirlitsskylt neysluvatnsnám skv. vatnatilskipun ESB. Því leggur Orkustofnun til að viðeigandi breyting verði gerð á 14. gr. gildandi laga.

Virðingarfyllst



Elín Smáradóttir